



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar FUNDUR - 26. september 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 75. fundar mánudaginn 26. september 2005 kl. 20:00 á bæjarskrifstofu. Þetta er aukafundur. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2005 – 2006.
2. Atvinnmál.

Afgreiðslur:

1. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2005 – 2006. Jóna Fanney Friðriksdóttir fór yfir drög að úthlutunarreglum vegna byggðakvóta fiskveiðiárið 2005 – 2006. Drögin eru svohljóðandi:
  - 1.1. Blönduóssbær mun auglýsa eftir aðilum til að veiða og verður kvótanum úthlutað til jafns milli þeirra báta sem sækja um og uppfylla eftirfarandi skilyrði:
    - a. Úthluta skal aflaheimildum til báta sem skráðir eru í sveitarfélaginu og stunduðu veiðar á fiskveiðiarinu 2004/2005 út frá heimahöfn sinni, Blönduósi.
    - b. Stefnt skal að því að öll vinnsla aflans fari fram í sveitarfélaginu. Gera skal samning við fiskvinnslustöð á Blönduósi um vinnslu aflans. Skal samningi þeim fylgja greinargerð um tilhögun veiða og vinnslu aflans þegar sótt er um úthlutun.
    - c. Ef sýnt þykir að hluti vinnslu aflans geti ekki farið fram í sveitarfélaginu skal fylgja greinargerð um tilhögun veiða og vinnslu aflans þegar sótt er um úthlutun.
    - d. Úthlutun er bundin því að greinargerðum verði skilað inn á eftirfarandi tíma:
      - Með umsókn um úthlutun skal fylgja greinargerð um tilhögun veiða og vinnslu aflans fiskveiðiárið 2005/2006.
      - Hinn 1. maí 2006 skal skila greinargerð um framvindu veiða og vinnslu.
      - Eigi síðar en 1. september skal skila greinargerð um veiðar og vinnslu yfirstandandi fiskveiði árs.
  - 1.2. Aflaheimild er ekki farmseljanleg milli báta og þurfa hlutaðeigendur að afsala sé aflaheimildum geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfun þeirra gilda.

Úthlutunarreglurnar bornar undir atkvæði, þær voru samþykktar með 7 atkvæðum samhljóða.

## 2. Atvinnumál.

## a. Óskað var eftir svohljóðandi bókun:

*“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar mótmælir harðlega þeirri ákvörðun nýrra eigenda Símans að leggja niður starfsstöðina á Blönduósi. Það hefur sýnt sig að næg verkefni eru fyrir hendi á svæðinu í fjarskiptamálum og lýsir bæjarstjórn yfir áhyggjum með að þjónustustig Símans á svæðinu versni og uppfylli ekki þær kröfur sem nútímasamfélag gerir. Bæjarstjórn skorar því hér með á stjórnendur Símans að ákvörðunin um lokun starfsstöðvarinnar verði endurskoðuð. Jafnframt vill bæjarstjórn benda á að einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur komið hvað verst niður á störfum á landsbyggðinni og krefur stjórnvöld um tafarlausar aðgerðir í atvinnumálum á svæðinu í samvinnu við heimamenn”.*

## b. Ýtarlegar umræður urðu um atvinnumál á Blönduósi, farið yfir ýmsa kosti og mál sem unnið er á.

Helga Jónína Andrésdóttir óskaði eftir að fram kæmi að hún situr hjá við a. lið 2. liðar vegna skyldleika við málið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:10.

Valgarður Hilmarsson  
 Jóna Fanney Friðriksdóttir  
 Þórdís Erla Björnsdóttir  
 Ágúst Þór Bragason  
 Anna Margrét Jónsdóttir  
 Guðmundur Ingbórsson  
 Helga Jónína Andrésdóttir  
 Sigurður Jóhannesson

Ragnar Ingi Tómasson